

BORGARRÁÐ 23. janúar 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um tillögu um styttingu opnunartíma leikskóla - R20010244

Flokkur fólksins sér margar mótsagnir í málflutningi um opnunartíma leikskólanna. Grundvallarvandinn er mannekla og undirmönnum sem meirihlutinn hefur ekki viljað leysa málið. Til að leysa málið þarf að setja fjármagn í málaflokkinn svo hægt sé að ráða fólk. Talað er um álag og að það minnki mikið álag að stytta tímann en samt sagt að aðeins örfá börn séu fyrsta og síðasta hálf tímann? Hér slær nokkuð úr og í og eru ekki allir leikskólakennarar á sama máli. Af hverju má ekki nota Afleysingastofu til að dekkja þennan tíma? Verið var að samþykkja að víkka út Afleysingastofuna og er því vel hægt að fá afleysingu á dag basis eftir þörfum en ekki að afleysing sé aðeins notuð til að leysa af í veikindum. Sagt að þeir foreldrar sem þetta kemur illa við fái aðlögunartíma, en hvað gerist eftir að sá tími er liðinn? Sumir leikskólar eru með styttri opnunartíma, hvað gera foreldrar þar sem þurfa lengri tíma? Talað er um mótvægisáðgerðir, hvernig eiga þær að vera? Á að finna millivistun fyrir barnið, ætlar Félagsþjónustan að reyna að semja við atvinnurekanda fyrir þessa foreldra sem lenda í vanda?